



Samkeppnisstefna N1

Inngangur

Með sátt N1 við Samkeppniseftirlitið dags. 31. júlí 2018 gekkst N1 meðal annars undir þá skyldu að leggja fram samkeppnisstefnu til samþykktar á hlutahafafundi félagsins. Skyldi í stefnunni fjallað um háttsemi stjórnar og starfsmanna félagsins sem og skyldur N1 samkvæmt sáttinni og samkeppnislögum.

1. gr.

N1 skal í starfsemi sinni fylgja samkeppnislögum og þeim sérstöku skyldum sem á félaginu hvíla. Hefur N1 gert sátt við Samkeppniseftirlitið dags. 31. júlí 2018 vegna kaupa N1 á Festi en einnig hvíla skyldur á félaginu vegna ákvarðana samkeppnisráðs nr. 23/1995 og 21/2004 sem lutu að stofnun Olíudreifingar. Skal N1 kappkosta að hlíta þessum fyrirmælum í starfsemi sinni.

2. gr.

N1 skal starfa með sjálfstæðum hætti á markaði á grundvelli þeirrar stefnu sem félagið markar sér á hverjum tíma. Stjórn og starfsmenn N1 skulu ekki eiga í samskiptum við starfsmenn keppinauta félagsins sem hafa það að markmiði að samhæfa viðskiptastefnu N1 við keppinauta þess.

3. gr.

Hluthafar N1 skulu ekki hafa áhrif til þess að samhæfa starfsemi N1 og keppinauta þess. Þar sem hluthafar N1 eiga eignarhluti í félögum sem eiga í samkeppni við N1 skal þess gætt að ekki fari upplýsingar á milli N1 og viðkomandi félags eða að samhæfing verði í stefnu og ákvarðanatöku N1 og viðkomandi félags.

Skulu hluthafar N1 gæta þess að velja einstaklinga í stjórn N1 sem ekki eru tengdir keppinautum N1 í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á við um maka eða sambúðarmaka framangreindra aðila í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Aðilar sem sinna reglubundið hagsmunagæslu eða ráðgjafastörfum fyrir keppinauta N1 skulu ekki sitja í stjórn N1.

4. gr.

N1 skal setja sér samkeppnisréttaráætlun sem nær til félagsins alls. Skulu allir starfsmenn félagsins fá viðhlítandi fræðslu um áætlunina. Skal áætlunin uppfærð með reglubundnum hætti og haldnar kynningar um efni samkeppnisréttaráætlunarinnar með reglulegum hætti.

5. gr.

Stjórn N1 skal gæta þess að ákvæði starfsreglna stjórnar séu í samræmi við ákvæði sáttar N1 við Samkeppniseftirlitið. Skal stjórnin undirrita viðeigandi yfirlýsingar um að hún hafi kynnt sér ákvæði sáttar N1 og Samkeppniseftirlitsins. Skal sérstaklega gætt að meðferð trúnaðarupplýsinga og fjallað um meðferð þeirra í starfsreglum stjórnar.

6. gr.

N1 skal grípa til viðeigandi ráðstafanna til þess að tryggja að dótturfélög N1 hlíti ákvæðum samkeppnisstefnu þessarar. Skal samkeppnisréttaráætlun N1 ná til dótturfélaganna og helstu stjórnendur þeirra undirrita yfirlýsingar um að þeir hafi kynnt sér efni sáttar N1 við Samkeppniseftirlitið.